

NEFND UM EFTIRLIIT MEÐ LÖGREGLU

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Heimasíða: www.nel.is

**Skýrsla
nefndar um eftirlit með lögreglu
Árið 2020**

Reykjavík, 10. október 2022

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
2.	Skipun nefndar um eftirlit með lögreglu	2
3.	Hlutverk nefndar um eftirlit með lögreglu	3
3.1.	Starf- og greining nefndarinnar.....	3
4.	Almennt um verkefni og aöstæður lögreglu – ályktanir nefndarinnar.....	4
5.	Tölfræði.....	5
5.1.	Fjöldi mála	5
5.2.	Staða mála 31. desember 2020.....	6
5.3.	Málsmeðferð nefndarinnar.....	7
5.4.	Embætti sem mál varðar	9
5.5.	Málsmeðferðartími.....	10
5.6.	Málum lokið frá stofnun nefndarinnar til ársins 2020.	11
5.7.	Tegundir mála árið 2020.....	12
5.8.	Frumkvæðisathuganir.	13
6.	Yfirlit um starfsemi ársins 2020	13
6.1.	Skipulag og starfsaðstaða.....	13
6.2.	Yfirlit yfir fundi nefndarinnar	13
6.3.	Fjármál nefndarinnar.....	13

1. Inngangur

Nefnd um eftirlit með löggreglu tók til starfa þann 1. janúar 2017, við gildistöku laga nr. 62/2016, um breytingu á löggreglulögum nr. 90/1996. Meginbreyting fyrrnefndra laga var stofnun nefndarinnar með það fyrir augum að auðvelda borgaranum að koma á framfæri kvörtunum vegna starfsaðferða eða framkomu löggreglu, kærum á hendur löggreglumönnum fyrir ætluð refsverð brot og jafnframt að stuðla að því að mál fái viðeigandi meðferð innan stjórnsýslunnar. Þá var nefndinni falið með fyrrnefndum lögum að taka til athugunar mál þegar borgari slasast eða lætur lífið í löggregluáðgerð. Loks getur nefndin tekið mál upp að eigin frumkvæði. Þannig þarf borgarinn ekki að vera í vafa hvert eigi að leita með aðfinnslur við störf löggreglu þó svo að hann geti ennþá einnig komið þeim að hjá löggregluembættum landsins sem og héraðs- og ríkissaksóknara. Berist kvörtun eða kæra til annarra en nefndarinnar ber að tilkynna nefndinni um framkomna kvörtun eða kæru og eftir atvikum framsenda málið til hlutaðeigandi embættis.

Nefndin hefur nýlega lokið fjórða starfsári sínu og almennt hefur starfsemin gengið vel. Er sú skýrsla sem birtist hér jafnframt fjórða ársskýrsla nefndarinnar. Nefndin hefur aðsetur í Skuggasundi 3 og hefur haft lögfræðing í fullu starfi frá 1. janúar 2018. Símatími lögfræðings nefndarinnar er alla virka daga frá kl. 10:00 til 11:00. Það er mat nefndarinnar að hún þurfi að minnsta kosti tvö stöðugildi lögfræðinga á næstu misserum miðað við óbreytt verkefni, ekki síst til að stytta málsmeyðerðartíma nefndarinnar. Hvort rétt sé talið að auka slagkraft nefndarinnar umfram það, m.a. til þess að geta tekið mál til umfjöllunar að eigin frumkvæði í auknum mæli ásamt því að efla valdheimildir nefndarinnar er háð pólitískri stefnumótun og fjárveitingum. Nefnd um eftirlit með löggreglu hefur komið á framfæri tillögum sínum til dómsmálaráðuneytisins ásamt tillögum um eitt starfsgildi til viðbótar.

2. Skipun nefndar um eftirlit með löggreglu

Með lögum nr. 62/2016, um breytingu á löggreglulögum nr. 90/1996 var stofnuð nefnd um eftirlit með löggreglu. Lögin tóku gildi 1. janúar 2017 og tók nefndin þá þegar til starfa.

Samkvæmt 35. gr. löggreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2016 skal setja á fót sérstaka eftirlitsnefnd með störfum löggreglu. Í ákvæðinu segir svo:

„1. Ráðherra skipar nefnd sem hefur eftirlit með störfum löggreglu. Nefndin er sjálfstæð stjórnsýslunefnd og er ekki unnt að skjóta ákvörðunum hennar til æðra stjórnvalds.

2. Nefndin skal skipuð þemur mönnum og jafnmörgum til vara. Nefndarmenn skulu hafa lokið embættis- eða meistaraprófi í lögfræði. Mannréttindaskrifstofa Íslands tilnefndir einn nefndarmann, Lögmannafélag Íslands annan en ráðherra skipar þann þriðja án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Formaður ræður starfsmenn eftirlitsnefndar. Ráðherra ákveður laun og önnur starfskjör nefndarmanna.“

Aðalmenn í nefndinni árið 2020 voru eftirtaldir: (1) Skúli Þór Gunnsteinsson, lögfræðingur í Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu, tilnefndur af ráðherra og formaður nefndarinnar. (2) Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður, tilnefnd af Mannréttindaskrifstofu Íslands, og (3) Kristín Edwald lögmaður, tilnefnd af Lögmannafélagi Íslands. Varamenn eru eftirtaldir: (1) Margrét Einarsdóttir, tilnefnd af ráðherra og er varaformaður nefndarinnar, (2) Flosi Hrafn Sigurðsson lögmaður, tilnefndur af Mannréttindaskrifstofu Íslands, og (3) Grímur Sigurðarson lögmaður, tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands.

Nefndarmenn sinna nefndarstörfum samhliða öðrum störfum sínum og eru allir nefndarmenn í fullri vinnu annars staðar en hjá nefndinni. Fastráðinn starfsmaður nefndarinnar 2020 var Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, lögfræðingur.

Nánari upplýsingar um nefndina og starfsemi hennar má finna á heimasíðu nefndarinnar; www.nel.is. Upplýsingar um helstu verkefni ársins 2020 og um rekstur nefndarinnar má jafnframt finna í yfirliti í kafla 5.

3. Hlutverk nefndar um eftirlit með löggreglu

Hlutverk nefndar um eftirlit með löggreglu felst í stuttu máli að taka við erindum sem henni berast, greina þau og senda þau áfram til viðeigandi embætta til úrvinnslu. Nefndin getur einnig vísað málum frá ef þau heyra ekki undir verkefni nefndarinnar eða talið ekki tilefni til að aðhafast frekar í málinu á grundvelli gagna frá viðkomandi embætti. Nefndin fylgist með því að mál fái úrvinnslu hjá öðrum stjórnvöldum, það er fyrst og fremst hjá handhöfum ákærvalds og/eða innan viðeigandi löggregluembætta. Þegar máli er lokið og niðurstaða liggur fyrir getur nefndin sent frá sér álit eða tilmæli sem þó eru ekki bindandi að lögum. Nefndin hefur engar rannsóknarheimildir en hefur þó viðtækur heimildir til að afla gagna frá handhöfum ákærvalds og löggregluembættum landsins en fram kemur í 5. mgr. 35. gr. a, löggreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2016, að ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og löggreglustjórum, þ.m.t. ríkislöggreglustjóra, er skylt að afhenda nefndinni þær upplýsingar sem hún þarf til að sinna starfsskyldum sínum. Nefndin hefur ekki heimildir til að hlutast til um niðurstöðu mála eða meðferð þeirra í hverju tilviki fyrir sig.

Málum sem falla undir nefndina má skipta í fjóra flokka: (1) mál sem varða mögulega eða ætlaða refsiverða háttsemi löggreglumanna, (2) mál þar sem löggreglumenn hafa mögulega sýnt af sér ámælisverða háttscmi án þess að hún sé refsiverð, (3) mál þar sem einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir líkamstjóni í tengslum við störf löggreglu, óháð því hvort mögulega sé um að ræða refsiverða eða ámælisverða háttsemi af hálfu löggreglunnar og svo (4) mál sem varða verklag, starfshætti eða aðbúnað löggreglu í víðara samhengi, sjá 1. mgr. 35. gr. a löggreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2016.

Í ljósi þess að mál fari áfram til meðferðar hjá handhöfum ákærvalds og/eða löggreglustjórum landsins þá getur sá tími sem nefndin fylgist með hverju máli fyrir sig verið umtalsvert langur og ræðst fyrst og fremst af því hversu langan tíma það tekur viðkomandi embætti að afgreiða málín til nefndarinnar. Þetta er einnig ástæðan fyrir því að það hefur tekið nefndina langan tíma að fá yfirsýn yfir umfang þeirra málefna sem henni er ætlað að hafa eftirlit með. Nú er slík reynsla komin og ljóst er að rýmka þarf málsmeðferðartíma nefndarinnar svo henni sé unnt að greina og koma með skýrar ákvarðanir með hliðsjón af málsatvikum öllum og gögnum sem berast frá löggreglustjóra og ákærvaldi innan tilskilins frests.

3.1. Starf- og greining nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með löggreglu setti sér starfsreglur árið 2017 sem voru síðar aðlagaðar í október 2019 í samræmi við aukna greiningarvinnu og breytta starfshætti nefndarinnar.

Þegar nefndinni berst erindi, sbr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996, tekur starfsmaður nefndarinnar á móti því, staðfestir móttöku og kannar hvort efni þess sé fullnægjandi til þess að nefndin geti tekið ákvörðun og óskar eftir viðbótargögnum og skýringum þar sem það á við. Kannað er hvort rannsóknarhagsmunir krefjist þess að sönnunargögn verði varðveitt og ef svo er gerir nefndin

viðeigandi ráðstafanir í því efni og sendir beiðni um afhendingu gagna og varðveislu sönnunargagna. Nefnd um eftirlit með löggreglu leggur mikið upp úr að gagnaöflun, greining og ákvarðanir einkennist af nákvæmni og endurspegli vönduð vinnubrögð nefndarinnar. Þegar nefndin hefur aflað allra viðeigandi gagna frá ákærvalds- og löggæsluembættum þar með taldar upptökur, þar sem þær eru að finna í upplýsingakerfum löggreglu, greinir nefndin erindið, fer yfir fyrirliggjandi gögn og upptökur þegar þær eru fyrir hendi. Í einstaka tilfellum, þar sem það á við, hafa nefndinni verið sendar upptökur úr eftirlitsmyndavélu, t.d. á Austurvelli, á Laugavegi, upptökur úr snjallsínum tilkynnanda/borgara og eftir atvikum fjölmíðla.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin er hún kynnt kvartanda og viðkomandi löggregluembætti með ósk um að embættið kynni viðkomandi löggreglumönnum niðurstöðu ákvörðunarinnar. Að því loknu, hafi nefndin vísað máli til þóknarlegrar meðferðar til ákærvalds- eða löggæsluembættis, fylgist nefndin með afdrifum málsins, meðal annars því að þeir tímafrestir sem tilgreindir eru í reglum nr. 222/2017 séu virtir. Nefndin innir embætti eftir niðurstöðu, að jafnaði, innan 10 daga frá því að tímafrestur samkvæmt fyrrnefndum reglum er liðinn. Þegar niðurstaða embættis liggur fyrir er lagt mat á það hvort rétt sé að bregðast frekar við af því tilefni. Telji nefndin tilefni til tekur nefndin sérstaka ákvörðun um viðbrögð við tilkynningu sem henni berst um niðurstöðu máls. Að málsmeðferð lokinni af hálfu nefndarinnar er tilkynnanda og viðkomandi embætti tilkynnt um málalyktir nefndarinnar með formlegum hætti.

4. Almennt um verkefni og aðstæður löggreglu – ályktanir nefndarinnar.
Svo sem fram hefur komið í eldri skýrslum hefur nefndin gert sér far um að heimsækja löggregluembætti til að kynnast embættunum betur og auka skilning á starfi nefndarinnar. Nefndin hefur lokið við eina hringferð um landið en hefur í hyggu að halda áfram að heimsækja embætti enda verða breytingar á starfsmönnum hjá embættum landsins og aðstæður breytast, búnaður löggreglu tekur breytingum og samfélagið breytist. Heimsfaraldur Covid 19 hefur sett strik í reikninginn og því hefur nefndin ekki hafið aðra hringferð um landið.

Heimsfaraldurinn hefur einnig haft áhrif á störf löggreglu. Löggreglumenn þurfa að gæta að sóttvörnum við störf sín og það reynir á í erilsömu starfi og þá hafa komið upp tilvik þar sem löggreglumenn hafa þurft að fara í sóttkví með tilheyrandí álagi á aðra löggreglumenn.

Kvartanir og tilkynningar sem berast nefndinni eru tiltölulega fjölbreyttar. Margar eru með öllu tilhæfusausr sem sýna að löggreglan er í flestum tilvikum að vinna sín störf samkvæmt reglum og framkoma löggreglumanna almennt í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkissins. Það eru þó, eins og ávallt, nokkur atriði sem vekja athygli nefndarinnar á ári hverju.

Í fyrsta lagi hefur nefnd um eftirlit með löggreglu haft til skoðunar, í kjölfar kvartana yfir uppflettingum úr upplýsingakerfi löggreglu, hér nefnt LÖKE, verklag löggreglu hvað varðar aðgang starfsmanna löggreglu að upplýsingum úr LÖKE og eftirlit með slíkum aðgangi. Vegna þeirrar athugunar hóf nefndin frumkvæðisathugun árið 2017 og lauk henni árið 2020 með ákvörðun nr. 80/2020. Kvartanir vegna uppflettningar og meðferðar löggreglumanna á LÖKE berast nefndinni reglulega og því var brýnt að fara í þessa frumkvæðisathugun. Taldi nefndin rétt að skoða bæði reglur sem embætti ríkislöggreglustjóra hafði sett og þær reglur sem settar hafa verið af einstökum löggregluembættum. Það vakti athygli nefndarinnar að í gögnum og skyringum ríkislöggreglustjóra kom hvergi fram að reglubundið eða á grundvelli tilviljunarkenndra úrtaka að leitað væri til þeirra starfsmanna sem hafa aðgang að ofangreindu upplýsingakerfi til að óska eftir því að þeir gerðu grein fyrir eigin uppflettingum. Nefndinni

fannst þetta sérstakt í ljósi þess að sambærilegt verklag, við eftirlit með meðferð upplýsingakerfa þar sem er að finna viðkvæmar upplýsingar, væri notað í ýmsum öðrum tilvikum. Jafnframt þykir nefndinni aðgangur löggreglumanna að kerfinu vera nokkuð rúmur. Fyrir því kunna að vera málefnalegar og ríkar ástæður en rúmur aðgangur kann hins vegar að kalla á að hugað sé nánar að reglubundnu eftirliti. Embætti ríkislöggreglustjóra setti á endanum reglur þann 27. september 2019 um eftirlit með LÖKE. Nefndin bendir á að reglurnar séu ágætar að efni til en gæta verður að viðunandi framkvæmd þeirra. Eðlilegt er að ríkislöggreglustjóri viðhafi ákveðna eftirfylgni með reglunum og aðstoði embætti við innleiðingu reglnanna og leiðbeini um efni og túlkun þeirra sé þess óskað. Nefndin hefur lagt til að ríkislöggreglustjóri hafi, með reglubundnum hætti, eftirlit með framkvæmda reglnanna og aðstoði þau embætti sem hafa ekki að einhverjum ástæðum innleitt reglurnar. Þess ber að áréttu að tilmæli nefndarinnar eru ekki bindandi.

Í öðru lagi vekur það enn og aftur athygli nefndarinnar hversu oft slökkt er á búkmyndavélu, kveikt er á þeim of seint eða þær virka ekki sem skyldi, svo sem að hljóð vanti. Notkun þessara öryggistækja fer þó hægt batnandi en betur má ef duga skal.

Í þriðja lagi taldi nefndin tilefni til að beina þeim tilmælum til embættis ríkislöggreglustjóra, í samvinnu við aðra löggreglustjóra að setja verklagsreglur sem gilda um forgangsakstur löggreglu. Reglurnar kæmu í stað reglna nr. 643/2004 og verklagsreglna löggreglu frá 2010. Nokkuð hefur verið kvartað undan forgangsakstri löggreglu til nefndarinnar auk þess sem Lögreglustjórin á Suðurnesjum vísaði til nefndarinnar alvarlegu umferðaráhappi sem varð í kjölfar eftirfarar löggreglu. Nefndin fór vandlega yfir það mál og var það mat nefndarinnar að löggreglumenn hafi farið eftir verklagsreglum löggreglu í því máli.


Í fjórða lagi hefur nefndin fengið ábendingar og tilkynningar um handtökur og frelsissviptingar sem kunna að eiga rót í veikindum hins handtekna. Nefndin lauk við tvær slíkar ákvarðanir á árinu. Önnur varðaði andlát í fangaklefa löggreglu en hin varðaði veikindi ungmennis. Báðar ákvarðanirnar leiddu til þess að tilmælum var beint til embættis ríkislöggreglustjóra.

5. Tölfræði

Mál sem nefnd um eftirlit með löggreglu hefur fjallað um eru af ýmsum toga. Með vísan til laga nr. 90/2018, um persónuvernd og viinsslu persónuupplýsinga, eðli málanna og þess trúnaðar sem nefndin er bundin um atvik þeirra er ekki fært að lýsa þeim nákvæmlega í ársskýrslu.

5.1. *Fjöldi mála*

Árið 2020 komu samtals 113 mál til meðferðar nefndar um eftirlit með löggreglu. Fjöldi innkominna mála skiptist með eftirfarandi hætti á milli mánaða:



Eins og sjá má þá er málafjöldinn hvað mestur í júní, október og nóvember. Árið 2019 var málafjöldinn mestur í maí, júlí, september og október.




Af þeim 113 málum sem nefndin stofnaði í málaskrá árið 2020 voru 86 mál sem bárust nefndinni beint frá einstaklingum, 16 mál bárust nefndinni með tilkynningu frá ákærvaldi/löggæsluembættum og 11 mál sem nefndin tók upp að eigin frumkvæði. Önnur mál stafa frá félagasamtökum og hagsmunasamtökum tiltekinna hópa í samfélagini. Veruleg breyting er á fjölda frumkvæðismála milli ára en árið 2019 voru þau aðeins 4.

5.2. Staða mála 31. desember 2020

Staða mála sem heyra undir nefnd um eftirlit með lögreglu var með eftirfarandi hætti við áramótin 2020/2021:

Staða mála 31. desember 2020




- Tilkynningar sem bíða greiningar
- Tilkynningar sem nefndin hefur sent til meðferðar lögreglu eða ákæruvalds
- Mál sem nefndin hefur fengið tilkynningu um frá lögreglu eða ákæruvaldi
- Mál að frumkvæði nefndarinnar
- Mál sem nefndin lauk umfjöllun í

Taflan hér að framan geymir upplýsingar um stöðu mála hjá nefndinni þann 31. desember 2020. Mál sem biðu greiningar nefndinnar voru alls 55. Undir floknum „tilkynningar sem nefndin hefur sent til meðferðar lögreglu og ákæruvalds“ voru málin alls 75 þar með talin eru mál sem send hafa verið áfram og meðferð þess ekki lokið af hálfu nefndarinnar. Undir floknum „mál sem nefndin hefur fengið tilkynningu um frá lögreglu og ákæruvaldi voru alls 39. Við lok árs 2020 hafði nefndin lokið meðferð 57 mála ýmist með ákvörðun eða athugun nefndarinnar á tilefni til eftirfylgni.

5.3. Málsmeðferð nefndarinnar

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir hver málsmeðferð nefndarinnar var og afdrif mála eftir mánuðum ásamt útlistun á því undir hvaða embætti málin falla.


Tölfræði ársins 2020



NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU


Á myndinni hér fyrir ofan er tíundað hve margar kvartanir og kærur bárust nefndinni, hversu margar ákvarðanir voru teknar um að framsenda mál, hversu mörgum málum nefndin lauk umfjöllun um, ákvarðanir nefndarinnar um að hefja frumkvæðisathugun og þær frumkvæðisathuganir sem nefndin lauk umfjöllun um.

Áframsend erindi til þóknanlegrar meðferðar - eftir mánuðum.



Ofangreind línrut sýnir fjölða þeirra erinda sem voru send til þóknanlegrar meðferðar eftir mánuðum. Nefndin tekur þó fram að hér er eingöngu um að ræða þau mál sem voru send til þóknanlegrar meðferðar, að frátoldum þeim málum sem vísað var frá, voru enn til meðferðar eða ekki var talið tilefni til frekari athafna af hálfu nefndarinnar.

Ákvarðanir 2020




Hér má sjá afdrif þeirra mála sem tekin voru til umfjöllunar og ákvörðunar á fundum nefndarinnar árið 2020. Þau mál sem nefndin sendi ekki áfram til frekari meðferðar eru alls 43 á móti 28 málum sem send voru lögreglustjóra til meðferðar.

5.4. Embætti sem mál varðar

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þau embætti sem innkomin mál féllu undir. Tölur sem varða hvert embætti lýsa því hvar viðkomandi starfsmaður var starfandi sem kvartað var yfir eða eftir atvikum lögð fram kæra vegna.


Embætti sem málin varða

*Sum mál varða fleiri en eitt embætti, t.d. frumkvæðismál NEL og eru þau með í þessum tölum.



Til skýringar skal nefnt að ef mál varðar lögreglumann hjá tilteku lögreglustjóraembætti og mögulega er um refsivert athæfi að ræða af hans hálfu þá er það mál sent héraðssaksóknara til meðferðar. Ef málið er ekki refsímál, heldur agamál, er það sent þeim lögreglustjóra sem er yfirmaður viðkomandi lögreglumanns.

Mál áframsend til meðferðar




Ef litið er sérstaklega til framangreindra mála sést að meiri hluti þessara mála fór til meðferðar og afgreiðslu hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, í því samhengi telur nefndin

nauðsynlegt að taka fram að íbúafjöldi er langmestur á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands búa tæplega 236 þúsund íbúar á höfuðborgarsvæðinu árið 2020. Það er því ekki hægt að hafa það til samanburðar við önnur embætti þar íbúafjöldi er lægri. Að því sögðu var í langflestum málunum um að ræða aðfinnslur við störf starfsmanna lögreglu sem ekki voru talin refsiverð og fóru því til meðferðar og nánari afgreiðslu hjá viðkomandi lögreglustjóra.

Einungis tvö mál voru send héraðssaksóknara þar sem til skoðunar kom hvort háttsemi lögreglumanns varðaði mögulega refsingu en alls komu til skoðunar 18 mál þar sem var kvörtun laut að mögulegri refsiverðri háttsemi lögreglu en að frátoldum þessum tveimur málum sem nefndin framsendi til meðferðar hjá héraðssaksóknara, var nefndinni tilkynnt um framkomna kæru og/eða meðferð máls af hálfu héraðssaksóknara í alls 17 málum.¹


Af þessu verður, að mati nefndarinnar, dregin sú ályktun að nefndin sé komin til vitundar almennings m.a. fyrir tilstilli ábendinga frá lögreglu og sú mikilvæga breyting hefur orðið á frá stofnun nefndarinnar að mál eru skráð og sett í réttan farveg þegar í stað. Hér að neðan má sjá mál sem hafa verið í meðferð hjá héraðssaksóknara undanfarin ár.



5.5. Málsmeðferðartími


Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 222/2017 um nefnd um eftirlit með lögreglu skal nefndin hraða meðferð máls eins og kostur er og að jafnaði ljúka meðferð þess innan mánaðar frá móttöku erindis. Meðalmálsferðartími var 236 dagar samanborið við 2019 en þá var hann 193 dagar. Ljóst er að langt er í land við að ná málsferðartímanum niður í einn mánuð en sökum aukningar mála til nefndarinnar hefur ekki tekist að hraða málsmeðferð frekar. Telja verður að til þess að ná fram markmiði reglugerðarinnar, sé auka stöðugildi hjá nefndinni nauðsynlegt.

¹ Þessi tölfraði er sett fram með þeim fyrirvara að nefndin fékk framangreindar tölur ekki staðfestar frá héraðssaksóknara sem gaf þau svör að embættið héldi ekki utan um tölfraði af þessu tagi.



5.6. Málum lokið frá stofnun nefndarinnar til ársins 2020.

Árið 2017 lauk nefndin umfjöllun 22 mála, 46 mála árið 2018, 75 mála árið 2019 og árið 2020 lauk nefndin umfjöllun um 98 mál. Sjá má af þeim tölum bæði aukin afköst og aukna skilvirkni nefndarinnar. Frá árinu 2017 hefur nefndin í auknum mæli verið að greina málin með ítarlegri hætti ásamt því að komin er góð reynsla á starfssemi nefndarinnar sem skilar sér í auknum fjölda þeirra mála sem nefndin lýkur.



5.7. Tegundir mála árið 2020

Flokkun í tegundir mála er nauðsynleg fyrir nefndina svo unnt sé að greina hvaða háttsemi er kvartað mest yfir og gefur, þar að auki, ákveðna vísbendingu um helstu efnisatriði sem reynt hefur á í störfum nefndar um eftirlit með lögreglu. Hér má sjá flokkun mála nefndar um eftirlit með lögreglu eftir efnisorðum.



5.8. Frumkvæðisathuganir

Neðangreind tafla gerir grein fyrir þeim fjölda mála sem nefndin ákvað að taka til athugunar að eigin frumkvæði. Eins og sjá má hefur mikil aukning átt sér stað á þeim málaflokki frá stofnun nefndarinnar.



6. Yfirlit um starfsemi ársins 2020

6.1. Skipulag og starfsaðstaða

Heimasíða nefndarinnar er á slóðinni www.nel.is. Á heimasíðunni er að finna eyðublöð fyrir tilkynningar til nefndarinnar, á íslensku, ensku og pólsku, ásamt nánari upplýsingum um málsmeðferð, hlutverk og skipan nefndarinnar auk tölfraði yfir málafjölda nefndarinnar.

Hægt er að hafa samband við nefndina með því að senda tölvupóst á nel@nel.is eða bréfpóst á heimilisfangið: Nefnd um eftirlit með löggreglu, Skuggasund 3, 101 Reykjavík. Þá var hægt að hafa samband símleiðis við lögfræðing nefndarinnar á símatíma sem var milli kl. 10 og 11 alla virka daga árið 2019.

6.2. Yfirlit yfir fundi nefndarinnar

Fundir nefndarinnar á árinu 2020 voru samtals 19. Nefndin tók 88 ákvarðanir á starfsárinu um erindi sem bárust henni í formi kvartana eða kærumála og kom þeim til meðferðar innan löggreglu eða ákæruvalds eftir því sem við átti. Einnig lauk nefndin umfjöllun í 10 málum sem áður höfðu verið send til meðferðar hjá löggreglu eða ákæruvaldi.


6.3. Fjármál nefndarinnar

Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna. Allir aðalmenn í nefndinni vinna að verkefnum hennar í hlutastarfi á grundvelli fastrar þóknunar. Föst þóknun formanns á mánuði eru um 200.000 kr. Þar er um heildarlaun að ræða. Aðrir aðalmenn í nefndinni fá helming þeirrar þóknunar. Formaður hefur samkvæmt lögum það hlutverk að ráða starfsmenn nefndarinnar. Starfsmannamál hennar og daglegur rekstur eru því í meira mæli á hans herðum en annarra nefndarmanna. Þar sem starfsmaður er aðeins einn þá hefur það jafnframt verið hluti af verkefnum formanns að hafa innsýn í skipulag og gang verkefna hjá starfsmanni hennar og taka beinan þátt í skrifum bréfa og ákvarðana. Varamenn fá greidda þóknun fyrir þá fundi sem þeir þurfa að sækja.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Heildarkostnaður vegna reksturs nefndarinnar árið 2020 nam 22.564.366 kr. Stærstur hluti kostnaðarins voru laun og launatengd gjöld, en samtals nam sá kostnaðarliður á árinu 20.652.128 kr. Var þar um að ræða laun og launatengd gjöld fyrir fastan starfsmann nefndarinnar, laganema sumarið 2020 og tímabundna ráðningu starfsmanns ásamt launum nefndarmanna. Annar kostnaður var tæplega 2.000.000 kr. Þar var um að ræða kostnað vegna leigu á skrifstofu, afnotagjöld vegna hýsingar á vefsíðu nefndarinnar, kostnað vegna námskeiða og annar tilfallandi kostnaðar vegna skrifstofubúnaðar.

Reykjavík,
10. október 2022



Skúli Þor Gunnsteinsson
formaður



Kristín Edwald

Kristín Edwald



Þorbjörg I. Jónsdóttir